



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2024
Tilvísun: 2024050902/RRS

Efni: Umsögn um frumvarp til markaðssetningarlaga

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 22. maí 2024 um umsögn um frumvarp til markaðssetningarlaga (þskj. 1573, 1077. mál á 154. löggjafarþingi).

2.

Með frumvarpinu er lagt til að lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, verði tekin til heildarendurskoðunar. Samhliða er lagt til að endurskoða lög um Neytendastofu, nr. 62/2005, og lög um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, nr. 20/2020. Tillaga frumvarpsins er að ný markaðssetningarlög leysi framangreind lög af hólmi.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að innleiða hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB, 2005/29/EB og 2011/83/ESB að því er varðar betri framfylgd og nútímavæðingu reglna Sambandsins um neytendavernd (hér eftir nefnd tilskipunin um nútímavæðingu).

Með frumvarpinu eru auk framangreinds gerðar breytingar sem hafa að markmiði að bæta samræmi íslenskra laga við efni nokkurra eldri tilskipana á sviði neytendaverndar sem þegar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum, ákvæði 7. gr. tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004, tilskipun 2006/114/EBE um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar sem ekki hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að virkri samkeppni og góðri neytendavernd. Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf sem þjónar mikilvægu hlutverki fyrir atvinnurekendur, neytendur og almenna samfélagshagsmuni. Frumvarpinu er ætlað að veita neytendum aukna vernd í heimi breyttra viðskiptahátta, auknum netviðskiptum og örrí tækniþróun sem hafa gert atvinnurekendum kleift að markaðssetja vörur sínar sífellt með nýjum aðferðum.



3.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en áréttar að persónuverndarlögin gilda etir sem áður um alla vinnslu persónuupplýsinga. Þá áréttar stofnunin mikilvægi þess að farið sé að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við notkun persónuupplýsinga í markaðssetningarskygni og þegar búin eru til persónu- eða notendasnið sem notuð eru í sama skygni. Persónuvernd áréttar jafnframt að þegar persónuupplýsingar eru unnar í þágu beinnar markaðssetningar á skráður einstaklingur að hafa rétt til að andmæla slíkri vinnslu, m.a. gerð persónusniðs, að því marki sem hún tengist slíkri beinni markaðssetningu hvenær sem er og endurgjaldslaust. Gera á hinum skráða sérstaklega grein fyrir þessum rétti með skýrum hætti og skal það aðgreint frá öðrum upplýsingum.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Rebekka Rán Samper